

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Neskaupstað 1994.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Neskaupstað sbr. 1. gr. e. staflið samþykktar frá 12. ágúst 1992 skal vera kr. 6.700 á árinu 1994.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. janúar.
Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 5. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. apríl 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Sauðárkróki á árinu 1994.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. 3. gr. C í samþykkt um hundahald á Sauðárkróki nr. 162/1974, skal vera kr. 7.500 fyrir árið 1994, með gjalddaga 1. maí.

Eindagi er 30. júní og reiknast dráttarvextir frá eindaga sé eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald er kr. 5.000. Geymslugjald fyrir handsamaðan hund er kr. 500 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Sauðárkróks staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. apríl 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.